



# Elliðaárstöð



Á 100 ára afmæli rafstöðvarinnar, árið 2021, verður opnuð ný upplifun á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal þar sem börn og fullorðin fræðast um sögu og vísindi í lifandi leik.

- 1 Gamla rafstöðin**  
Rafstöðin í Elliðaárdal er safngripur í sjálfri sér. Þar verður hægt að kíkja inn um glugga og lýsa upp valda muni.
- 2 Kaffihús**  
Fáðu þér rjúkandi kaffibolla og kastaðu mæðinni. Hjarta Elliðaárstöðvar verður nýtt kaffihús með útsýni yfir leiksvæði.

- 3 Stöðvarstjórahusið**  
Rafveitustjórinn bjó áður í þessu reisulega húsi. Þar fá gestir að kynna veitunum sem vinna sín ósýnilegu en þörfu störf.
- 4 Vatnsleikjasvæði**  
Volgt vatn rennur í rásum þar sem börn geta sulað, stíflað og veitt vatninu eins og þau vilja.

- 5 Veitutorg**  
Setstallar með útsýni yfir stórt og fallegt torg með tjörn. Í tjörnina rennur regnvatn sem fellur á húsinn á svæðinu.
- 6 Borarnir**  
Höggborinn og gufuborinn Dofri boruðu í sameiningu tugi holna og lögðu þannig grunninn að hitaveitu höfuðborgarsvæðisins. Hér hafa þeir fundið sitt framtíðarheimili.



# Viljum skila dalnum sem allra best af okkur

**Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir komið að því að þakka fyrir 100 ára nytjar Elliðaánna**

„Í mínum huga eru skyldur Orkuveitur Reykjavíkur sem eiganda Elliðaárstöðvar ljósar þegar rekstur hennar hefur verið aflagður. Okkur ber að þakka fyrir 100 ára nytjar Elliðaánna, taka til eftir okkur og sleppa Elliðaánum lausum. Hluti af því að heiðra þessa merku sögu er að opna sögu- og tæknisýningu í Elliðaárstöð á afmælisárinu.“

Þetta segir Bjarni Bjarnason forstjóri OR en Elliðaárstöð, sem er eitt merkilegasta mannvirki okkar Íslendinga hvað tæknisögu og byggingarlist varðar, var vígð árið 1921.

„Elliðaárstöðin markaði upphaf rafvæðingar í Reykjavík og breytti niðdimmri nótt í nýtan dag ef svo má segja. Íbúar í vaxandi höfuðborg gátu nú lokað hlóðaeldhúsum, reykmettuðum og heilsuspillandi kytrum, og eldað matinn á rafhellu við rafljós. Hlutverki stöðvarinnar er nú lokið.“

Bjarni segir að þegar Orkuveitan gekk í gegnum miklar fjárhagslegar þrengingar í kjölfar hrunsins hafi verið horft til þess að heiðra sögu veitnanna og Elliðaárstöðvarinnar þegar fjárhagurinn leyfði og nú sé komið að því. Í ársbyrjun 2019 var haldin hugmyndasamkeppni um sögu- og tæknisýningu á rafstöðvartorfunni í Elliðaárdal. Stjórn Orkuveitunnar sé mjög áhugasöm um verkefnið. Sýningin eigi að vera hófstíll og höfða til fólks á öllum aldri. Jafnframt er uppbyggingu hennar áfangaskipt þannig að hægt verði að leyfa sýningunni að þróast og sjá hvernig til tekst.

**Vagga Orkuveitu Reykjavíkur**  
„Við tölum oft um Elliðaárdalinn sem vögggu Orkuveitunnar. Þangað má rekja upphaf Vatnsveitunnar, sem er elsti þátturinn í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, en hún var stofnuð árið 1909. Vatnið var tekið úr Elliðaánum til að byrja með, áður en vatns-taka hófst í Gvendarbrunnum í Heiðmörk. Upphaf Rafmagnsveitu Reykjavíkur markast svo af opnun Elliðaárstöðvar árið 1921. Þriðji meginþátturinn í veitustarfseminni er svo Hitaveitan en jarðhitasvæði er í Elliðaárdalnum, neðan Árbæjarstíflu á bakkanum Breiðholtsmegin, sem enn er í fullri notkun. Sigurtillagan féll vel að hugmyndum okkar sem eru fyrst og fremst að fræða almenning. Ekki bara um það sem snýr að veitunum heldur einnig að náttúrunni, jarðfræðinni, líf-fræðinni og Elliðaánum sjálfum. Við viljum að Elliðaárstöð geti orðið eins konar hlið að dalnum þar sem saga Orkuveitu Reykjavíkur og Elliðaárdalsins tvinnast svo skemmtilega saman. Við ætlum að fræða skólakrakka með skipulögðum hætti, og öll þau sem eru áhugasöm.“

Fyrir ofan Árbæjarstíflu var inn-takslón fyrir Elliðaárstöð sem þjónaði þeim tilgangi að halda vatnshæð stöðugri og tryggja lágmarksmiðlun vatns til að svara álagi vélanna í stöðinni hverju sinni.

„Tilgangur lónsins er nú horfinn. Orkuveitan telur sér ekki heimilt að trufla náttúrulegt rennsli Elliðaánna nú þegar rekstur Elliðaárstöðvar hefur verið lagður af enda

eru heimildir í starfsleyfi, lögum og reglugerðum sem um rekstur stöðvarinnar fjalla bundnar því að stöðin sé í rekstri.

Orkuveita Reykjavíkur gerir sér grein fyrir því að um tæmingu lónsins eru deildar meiningar enda má gera ráð fyrir því að mörgu fólki sem býr á bökkum þess og útivistarfólki almennt sé eftirsjá í því.“

Reykjavíkurborg hefur nú stofnað stýrihóp með fulltrúum íbúa í Árbæ og Breiðholti, Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur. Hópurinn hefur það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig best sé að skila dalnum nú þegar lónið hefur verið tæmt og vinnslu rafmagns hætt. Hópnum ber að horfa til Elliðaárdals í heild sinni og í víðu samhengi með tilliti til verndunar laxastofnsins í ánum, en einnig til fuglalífs og annarrar náttúru og mannlífs.

„Metnaður Orkuveitu Reykjavíkur stendur til þess að ganga vel frá í dalnum og þakka fyrir 100 ára nytjar ána. Við munum því vinna af áhuga með stýrihópnum og biðum spennt eftir tillögum hans. Hópnum er gert að skila af sér fyrir lok maímánaðar 2021.

Við hlökkum mikið til að opna sýninguna í Elliðaárstöðinni á 100 ára afmælinu á næsta ári. Grunnveitunum okkar; rafmagnsveitu, hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu má líkja við æðakerfi borgarinnar, ósýnileg kerfi sem tengja öll húsin saman. Þau eru á ýmsan hátt undirstaða heilbrigði

**„Við tölum oft um Elliðaárdalinn sem vögggu Orkuveitunnar. Við viljum að Elliðaárstöð geti orðið eins konar hlið að dalnum þar sem sagan tvinnast svo skemmtilega saman.“**

og vellíðunar íbúanna. Gagna-veitunni með ljósleiðarann mætti þá líkja við taugakerfið sem upplýsingar berast um á ógnarhraða. Við segjum stundum að veiturnar okkar séu grunnur að lífsgæðum, sem íbúarnir búa við og byggja ofan á. Það er líka sameiginlegt veitunum að íbúarnir taka yfirleitt ekki eftir þjónustunni nema hún bregðist. Okkur langar að fræða fólk á öllum aldri, en ekki sist unga fólk okkar, um það flókna veitukerfi sem sér húsunum og íbúunum fyrir þeirri grunnþjónustu sem við teljum nú sjálf-sagðan hluta af daglegu lífi.“

**1906** Bæjarstjórn Reykjavíkur kaupir vatnsréttindi Elliðaánna af breskum veiðimanni.



**1921** Tvær fyrstu vélar Elliðaárstöðvar ræstar formlega af Kristjáni konungi X. og Alexandrínu drottningu.



**1929** Árbæjarstífla hækkuð og lengd þannig að lokast fyrir laxagengd. Sumarið á eftir eru laxar í fyrsta sinn fangaðir í kistur við Elliðaárstöðina og þeim ekið í kerjum upp fyrir Árbæjarstíflu.



**1933** Fjórða, stærsta og síðasta aflvél Elliðaárstöðvar er tekin í notkun eftir stækkun stöðvarhússins.



**1951** Á 30 ára afmæli Elliðaárstöðvar hefur starfsfólk Rafmagnsveitu Reykjavíkur skógrækt í Elliðaárhólma. Slíkar skógræktarferðir verða árvissar næstu árin.



**1968** Elliðavatnsstífla brestur í miklum vatnavöxtum. Ekki verða slys á fólki og ráðist er í bráðabirgðaviðgerð. Rafmagnsveita Reykjavíkur tekur aftur við rekstrinum árið eftir með breyttu sniði þannig að vinnslan er jafnan um fjórðungur þess sem mest hafði verið áður.

**1998** Þrýstipípa Elliðaárstöðvar brestur skammt neðan Árbæjarstíflu og talsvert tjón verður af meðfylgjandi flóði, einkum á gróðri en líka á stígum og vegi. Gert er við pípunna.

**2014** Þrýstipípan fer að leka í annað sinn á nokkrum árum. Mat á henni leiðir í ljós að hún er ónýt og rafmagnsvinnslu í Elliðaárstöð er hætt, að sinni að minnsta kosti.

**2019** Orkuveita Reykjavíkur gengst fyrir opinni hugmynda-samkeppni um tilhögun sögu- og tæknisýningar sem nýti mannvirki fyrirtækisins í dalnum.



Bjarni Bjarnason, forstjóri OR



# Með orkunni úr ánni er tertan bökuð

## Þverfaglega hönnunarteymið Terta sér um hönnun sögu- og tæknisýningarinnar við Elliðaárstöð

„Allt miðast þetta út frá fræðslu og að draga fram þau gæði og þá sögu sem staðurinn hefur að geyma. Við reynum að draga fram töfrana í sögunni en samt með hversdagslegum hætti því Elliðaárdalurinn hefur haft mikil áhrif á hversdagslegt líf okkar í svo langan tíma.“

Hönnunarteymið Terta, sem sigraði í samkeppni um sögu- og tæknisýningu á rafstöðvarreitnum, er svo sannarlega þverfaglegt en í upphaflega hópnum voru ekki aðeins hönnuðir og arkitektar heldur var tillagan unnin með eðlisfræðingi og jarðfræðingi auk þess sem þau leituðu til landslagsarkitekta og verkfræðinga mjög snemma í ferlinu. Verkefnið hefur hlotið nafnið Elliðaárstöð.

Öll húsín á rafstöðvarreitnum eru friðuð og verkefnið er því unnið í góðu samstarfi við Minjastofnun. Framkvæmdir hófust í síðasta mánuði en stefnt er að opnun sýningarinnar á næsta ári en þá eru 100 ár síðan rafstöðin í Elliðaárdal var gangsett og líf þeirra sem hér bjuggu breyttist umtalsvert.

„Það er líka svo magnað að þetta sé allt saman þarna á sama blettinum. Raforka, vatnsafl og jarðhiti inni í miðri borg – sem er einstakt á heimsvísu. Við sáum þetta sem fullkomið tækifæri til þess að draga fram þau lífsgæði sem þarna eru búin til. Elliðaárdalurinn er samofinn þessari starfsemi og nýtingu á náttúrunni. Þrátt fyrir að áherslan hafi verið á rafmagnsframleiðslu

hefur alltaf verið passað upp á að halda laxinum, skóginum og viðhalda þeirri útivistarparadis sem dalurinn er.“

**Upplifa staðinn í gegnum leik**  
Þau sem mynda hópinn deila saman skrifstofuhúsnæði og hafa komið að sýningarhönnun áður en langaði að gera eitthvað stærra og meira. „Þetta kristallar allt sem maður elskar. Náttúran, sýningin og sagan – okkur fannst þetta gríðarlega spennandi og tækifæri til að segja frá mörgu. Við erum til dæmis að nýta blágrænar lausnir, regnvatnslausnir sem er svolítið framtíðin hjá Veitum. Við erum einnig með gróðurhús sem útskýrir samband mannsins og náttúrunnar. Síðan eru allskonar útfærslur á leik fyrir börnin – að upplifa staðinn í gegnum leik, það er mikilvægt.“

Þau segja það einnig hafa verið skemmtilegt að vinna að svona verkefni með stórfyrirtæki eins og OR og hafa lagt áherslu á að draga sem flesta að borðinu.

„Við erum ekki bara að vinna þarna á torfunni heldur að teygja okkur líka inn í dalinn. Við erum að segja frá hitaveitunni með fræðslu og skiltum bæði formlega og óformlega. Síðan höfum við fengið fimm aðra hönnuði til þess að gera innsetningar tengdar skógræktinni sem passa inn í verkefnið.“

Þau segjast hafa gefið sér góðan tíma til þess að kynna staðnum áður en farið var af stað. Þau hafi hitt ólíka hópa hagsmunaaðila

sem nýti sér dalinn á hverjum degi. Nefna þau skólahópa, hlaupahópa, hjólahópa og laxveiðifólk í því samhengi.

„Afuðin er svolítið mótuð af þessum samtölum. Við viljum að Elliðaárstöð þjónusti þessa hópa.“

### Góð viðbót við fallega útivistarparadis

Líkt og fyrr segir eru framkvæmdir formlega hafnar en ljóshönnuður verkefnisins, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir hjá Ljósark, hefur hannað fallega lýsingu þar sem gamla rafstöðvarhúsið verður lýst upp með fallegum hætti. Orkuveitan hefur einnig auglýst eftir skapandi leiðtoga til þess að reka sýninguna.

Teymið hefur lagt gríðarlega vinnu í verkefnið sem hefur átt hug þeirra allan undanfarið og segjast þau mjög ánægð með útkomuna. En hvernig skyldu þau sjá verkefnið þróast í framtíðinni?

„Við sjáum fyrir okkur ótrúlega lífandi stað þar sem verða vonandi reglulegir viðburðir og að þeir sem nýta sér dalinn nú þegar líti á þetta sem góða viðbót. Ungu fólk og bara allir þeir sem hafa áhuga fræðist um þessa merkilegu sögu sem breytti svo miklu. Þarna verður salernisaðstaða og kaffihús þar sem verður vonandi gott að koma inn í hlýjuna og fá sér kaffibolla og spjalla.“



Veiturnar gerðar sýnilegar



Glerhýsi sem minnir á jarðhitann



Hönnunarteymið Terta

**„Það er svo magnað að þetta sé allt saman þarna á sama blettinum. Raforka, vatnsafl og jarðhiti inni í miðri borg – sem er einstakt á heimsvísu. Við sáum þetta sem fullkomið tækifæri til þess að draga fram þau lífsgæði sem þarna eru búin til.“**

### Hönnunarteymið Terta

Teiknistofan Stika:  
Magnea Guðmundsdóttir og  
Eva Huld Friðriksdóttir, arkitektar  
Brynhildur Pálsdóttir, hönnuður  
Ármann Agnarsson,  
grafískur hönnuður  
Atli Bollason, verkefnastjóri

### Samstarfsaðilar

Birta Fróðadóttir, arkitekt  
Kristín María Sigþórsdóttir,  
hönnuður  
Verkfræðistofan Hnit  
Landslag landslagsarkitektar  
Ljósark ljóshönnun



Fræðst um orkuna í vatninu með lífandi leik



# Við leitum að skapandi leiðtoga

Við leitum að hugmyndaríkum og gestrisnum einstaklingi til að leiða uppbyggingu og rekstur Elliðaárstöðvar. Elliðaárstöð er nýr og spennandi áfangastaður á vegum Orkuveitu Reykjavíkur þar sem ýtt er undir fjölbreytta og fræðandi upplifun, ekki síst gegnum leik og sjálfstæða uppgötvun.

Starfið felst m.a. í að móta stefnu, dagskrá og ásýnd sýningarinnar, gera og framfylgja rekstraráætlun, og eiga í samskiptum við hagaðila auk annarra mennta- og menningarstofnana.

Frekari upplýsingar og hæfniskröfur á [starf.or.is](http://starf.or.is). Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2021.

